

Ed.

399. Breytingartillögur

[11. mál]

við frv. til l. um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. XV. Aftan við orðin „Í Reykjavíkurprófastsdæmi“ bætist: sem nær yfir Reykjavíkur- og Kópavogsprestaköll.
2. Við 21. gr. 6. tölul. orðist svo:
Að styrkja framhaldsnám guðfræðinga og annarra starfsmanna kirkjunnar til undirbúnings undir kirkjuleg störf.
3. Við 23. gr. Eftir 1. málslíð komi nýr málslíður, svo hljóðandi:
Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún samþykkt af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.